

Dags eftirlits	3.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	383366,97 374634,363

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við reglubundið eftirlit með starfsemi Olíudreifingar ehf., olúbirgðastöð í Þorlákshöfn, komu engin frávik fram og engar nýjar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið tók til eftirfarandi þátta:

1. Staða frá síðasta eftirliti
 2. Umfang starfsemi
 3. Varnir gegn mengun og meðhöndlun fráveituvatns
 4. Skráningar og mælingar
 5. Kynning á meðfylgjandi gögnum
 6. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 7. Skoðunarferð
1. Staða frá síðasta eftirliti

Við eftirlit 2022 var sett ábending varðandi útlit geyma. Sú ábending á enn við, þar sem tankarnir eru ryðgaðir og bæta mætti ásynð stöðvarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafa engar breytingar orðið á starfsemi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti. Engin mengunaróhöpp hafa orðið og engar kvartanir borist.

2. Umfang starfsemi

Heimilt er að geyma allt að 283 m³ af olíu í stöðinni. Auk þess er gert ráð fyrir ílátum og öðrum búnaði fyrir íblöndunarefni í eldsneyti, afgreiðslubúnaði á flutningstanka og öðrum búnaði í samræmi við lög og reglugerðir. Í stöðinni er einnig heimil móttaka á allt að 5 tonnum af úrgangsolíu á ári og í því sambandi er heimilt að tappa vatnsfasa undan úrgangsolíugeymi. Umfang starfseminnar er í samræmi við starfsleyfi.

3. Varnir gegn mengun og meðhöndlun fráveituvatns

Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa liggur fyrir og er aðgengileg á starfsstöð. Trygging vegna bráðamengunar er í gildi. Áfyllingarplan er olíuhelt og tengt olíuskilju. Olíuskiljan hefur ekki verið tæmd frá síðasta eftirliti. Rekstraraðili upplýsti að nýtt verklag hafi komið í veg fyrir að olía berist í jafn miklu magni í olíuskilju og áður. Rekstraraðili hefur mælt olíu í fráveituvatni með olíustrimli 2025 og ekki varð litabreyting á strimlum sem gefa kynna til olíumengunar.

4. Skráningar og mælingar

Skráningar vegna reksturs og viðhalds eru til staðar í rekstrarhandbók. Öryggisblöð efna eru aðgengileg á starfsstöð. Samkvæmt rekstraraðila var þrýstiprófun á niðurgrofnum lögnum framkvæmd í október 2023. Geymar voru síðast skoðaðir í ágúst 2020.

5. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Í eftirlitinu fór fram kynning á fylgigögnum frá Umhverfis- og orkustofnun sem tengjast breyttu verklagi við boðun og framkvæmd eftirlits, auk leiðbeininga um olíuskiljur.

6. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumat fyrir árið 2025 var yfirfarið og uppfært.

7. Skoðunarferð

Gengið var um svæðið og aðstæður kannaðar. Ekki var tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 23.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson